

ÁRITUN SKOÐUNARMANNS GRÆNS BÓKHALDS.

Ég hef tekið út og yfirfarið útreikninga og yfirfarið upplýsingar sem fram koma í Grænu Bokhaldi Benchmark Genetics, Kalmanstjörn. fyrir árið 2023, í samræmi við kröfur 10. gr reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Benchmark Genetics. er í flokki þeirra fyrirtækja sem falla undir viðauka þeirrar reglugerðar, flokk 6.10. Grænt bókhald fyrirtækisins er lagt fram af stjórnendum Benchmark Genetics og á ábyrgð þeirra. Ábyrgð mín felst í því mati sem ég læt í ljós á framsettum gögnum í Grænu bókhaldi fyrirtækisins.

Skoðunin felur í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna umhverfis upplýsingar og gögn sem sett eru fram í Grænu bókhaldi og að þau séu í samræmi við fjárhagsbókhald fyrirtækisins og niðurstöður viðurkenndra mælinga.

Skoðunin felur einnig í sér athugun á útreikningum sem beitt er við mat á stærðargráðu einstakra þátta sem upp eru taldir í skýrslunni.

Ég tel að skoðunin sé nægjanleg traustur grunnur til þess að byggja á álit mitt.

Árið 2023 urðu engin umhverfisslys og engin frávik frá starfsleyfi skráð.

Það er álit mitt að Grænt bókhald fyrirtækisins gefi glögga mynd af umhverfisáhrifum rekstursins fyrir árið 2023, í samræmi við góðar og viðteknar venjur í atvinnugreininni.

Reykjavík, 28.10.2024
VSÓ Ráðgjöf



Guðjón Jónsson
efnaverkræðingur